

## Svar

### innviðaráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um stuðning við almenningssamgöngur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver hefur stuðningur ríkisins verið við almenningssamgöngur hvert ár undanfarin fimm ár? Svar óskast sundurgreint eftir samgöngumáta, því hvort um er að ræða samgöngur innan landshluta eða á milli landshluta og því hvort um er að ræða kostnað við uppbyggingu, stuðning við rekstur eða styrki til notenda. Jafnframt er þess óskað að fram komi heildarútgjöld og útgjöld reiknuð á hvern farþega. Svarið skal ná til farþegaflutninga á landi, á sjó og með flugi.*

Stuðning ríkisins við rekstur almenningssamgangna sl. fimm ár má sjá í töflu 1 hér að aftan. Farþegafjölda eftir ferðamáta er að finna í töflu 2 og í töflu 3 er reiknaður stuðningur á farþega. Í töflu 4 má finna sérstaka styrki sem veittir voru til ríkisstyrktra almenningssamgangna vegna COVID-faraldursins. Í töflu 5 eru tilgreindar samningsgreiðslur til að tryggja flug til Egilsstaða, Ísafjarðar og Vestmannaeyja í COVID-faraldrinum á flugleiðum sem annars eru ekki ríkisstyrktar.

Ekki er unnt greina í sundur styrki við landsamgöngur innan eða á milli landshluta þar sem þær upplýsingar hafa ekki verið skráðar sérstaklega. Það kerfi sem nú er notað til að halda utan um ferðir miðast við gjaldsvæði en ekki mörk landshluta. Unnið er að því að bæta þær tölulegu upplýsingar sem safnað er.

Nær allur kostnaður vegna rekstrarstyrkja til flugs er beinn rekstrarstyrkur til flugrekenda á ríkisstyrktum flugleiðum. Annað sem fellur til er t.d. kostnaður vegna útboða og markaðs-rannsókna.

Kostnaður vegna Loftbrúar er styrkur til farþega en ekki til flugfélaga. Styrkinn geta farþegar nýtt sér hvort sem umrædd flugleið er styrkt af ríkinu eða ekki. Því er hann aðgreindur.

Stofnkostnaður við Loftbrú árið 2020 var 30 millj. kr. Hann nýtist til framtíðar. Við að meta kostnað á hvern farþega er talið eðlilegra að miða við þær rétt um 45 millj. kr sem fóru til að greiða niður flugfargjöld. Ferðir í Loftbrú árið 2020 voru 7.108. Kostnaður á hvern miða er þá 6.333 kr. Árið 2021 voru ferðir í Loftbrú 57.974. Kostnaður var 367 millj. kr. Kostnaður á hvern miða var því 6.330 kr. Farþegar í Loftbrú eru að hluta inni í tölum um fjölda farþega í ríkisstyrktu flugi.

Styrkir til reksturs almenningsvagna á landsbyggðinni eru að stærstum hluta beinir rekstrarstyrkir. Annar kostnaður sem fellur til er m.a. við þróunarverkefni með landshlutasamtökum sveitarfélaganna á árunum 2016 og 2017 og kostnaður vegna yfirtöku samninga frá landshlutasantónum árið 2019. Árið 2020 féll einnig til kostnaður við markaðs-rannsóknir og útboð.

Í gegnum byggðaáætlun var á árunum 2020 og 2021 úthlutað samtals 68,5 millj. kr. í styrki til eflingar almenningssamgangna milli byggða. Hafa styrkirnir runnið til ýmissa verk-efna um land allt sem eru flest unnin á vettvangi landshlutasantaka sveitarfélaga. Þessar

tölur eru ekki reiknaðar niður á farþega þar sem þeim var ekki varið til tiltekins samgöngumáta.

Framlög til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu eru öll beinir rekstrarstyrkir til Strætó bs.

Hlutfall rekstrarstyrks vegna ferja er lægra en vegna flugs og samgangna á landi þar sem Vegagerðin (ríkið) á þrjár af ferjunum. Viðhald þeirra og tengdur kostnaður fellur því beint á eiganda.

Sérstakur styrkur til Isavia var veittur árin 2020 og 2021 vegna áhrifa COVID-faraldursins á innanlandsflug. Styrkurinn nam 323 millj. kr. árið 2020 og 57 millj. kr. árið 2021. Þær tölur eru teknar með í töflu 1.

#### Tafla 1.

<b>Útgjöld Vegagerðarinnar í millj. kr.</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>
Flug rekstrarstyrkur	338	386	460	838	574
Flug annað	28	0	1	16	16
Flug samtals	366	386	461	854	590
Hlutfall rekstrarstyrks	92,0%	99,9%	99,8%	98,0%	97,0%
Alm.vagn. landsb. rekstrarst.	431	549	739	754	713
Alm.vagn. höfuðborgarsv. rekstrarst.	989	1.005	888	900	906
Alm.vagn. landsb. annað	23	4	97	127	110
Almenningsvagnar samtals	1.443	1.558	1.724	1.781	1.729
Hlutfall rekstrarstyrks	98,5%	99,7%	94,4%	92,9%	93,6%
Ferjur rekstrarstyrkur	1.298	1.502	1.382	1.386	1.520
Ferjur annar kostnaður	219	175	384	349	198
Ferjur samtals	1.518	1.677	1.766	1.736	1.717
Hlutfall rekstrarstyrks	86,0%	90,0%	78,0%	80,0%	88,5%
Loftbrú				75	367
Byggðaáætlun				33	36

#### Tafla 2.

<b>Farþegafjöldi</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>
Flug	16.320	16.905	16.478	9.977	15.073
Alm.vagn. landsbyggð	444.394	389.158	360.302	190.132	234.911
Alm.vagn. höfuðborgarsv.	11.737.200	11.205.700	12.183.300	8.850.400	9.492.400
Ferjur	433.588	437.816	463.542	340.252	440.567

#### Tafla 3.

<b>Kostnaður á farþega</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>
Flug – rekstrarstyrkur	22.451	22.855	27.989	85.589	39.144
Almenningsvagnar landsbyggð	1.024	1.421	2.320	4.632	3.503
Almenningsvagnar höfuðborgarsv.	84	90	73	102	95
Ferjur	3.501	3.830	3.810	5.101	3.898
Flug – Loftbrú				6.333	6.330

Sérstakur styrkur var veittur á árunum 2020 og 2021 vegna áhrifa COVID-faraldursins á samgöngur. Styrkurinn dreifðist eins og sjá má í töflu 4.

**Tafla 4 (allar tölur í millj. kr).**

	<b>2020</b>	<b>2021</b>
Stuðningur við einstakar flugleiðir	96	0
Rekstur flugvalla	323	57
<b>Ferjur:</b>		
Rekstur ferja	253	50
<b>Samgöngur á landi:</b>		
Rekstur almenningsvagna	82	155
Samtals	754	262

**Tafla 5.**

<b>Flug:</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>
Stuðningur við einstakar flugleiðir	1	4